

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Samherji fiskeldi ehf. Stað, Grindavík



Dags eftirlits	15.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	326207,593 372914,582

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti því útstreymisbókhald barst ekki fyrir en 15. júní sl. Frávikinu er þó strax lokað þar sem gögnin hafa nú borist.

Einni ábendingu var komið á framfæri. Farið er fram á að sýnataka fari fram í báðum útrásum stöðvarinnar og mælt sé magn svifagna og lífrænt efni, eins sé styrkur heildarfósfors og heildarköfnunarefnis mældur.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fyrir lá að skoða fiskeldi Samherja hf. að Stað í Grindavík en stöðin samanstendur af Seiðastöð, Millistöð, Hreiðri ásamt Fleka 1 og Fleka 2.

Starfsleyfið er frá 24. ágúst 2018 og heimilar eldi á laxi og bleikju allt að 3000 tonn af lífmassa á hverjum tíma og 3000 tonna ársframleiðslu.

Eftirlitið hófst á rafrænum fundi. Mætt voru Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis og Hjalti Bogason rekstrarstjóri fiskeldisstöðvarinnar að Stað í Grindavík. Fyrir hönd Umhverfisstofnunar mætti Gottskálk Friðgeirsson. Síðdegis var vettvangsheimsókn til Hjalta í stöðina í Grindavík.

#### Dagskrá:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
6. Skoðun á búnaði og lóð

1. Þrjú frávik frá 2018 og 2020 hafa komið fram í eftirliti en þeim hefur öllum verið lokað. Tekið hefur verið tillit til ábendinga í síðustu eftirlitsskýrslum. Þó er ítrekað að myndataka við útrás er hluti af skráningum rekstraraðila og skulu myndirnar sendast með ársyfirlit stöðvarinnar (sjá grein 4.4) sem skila skal fyrir 1. maí ár hvert.

2. Þrjár OMEX vararafstöðvar þjónusta fiskeldi Samherja og einnig Hafrannsóknastofnunar sem er á næstu lóð við fiskeldi Samherja. Nýmálaður stálgeymir (húsageymir) í lekapró stendur við vararafstöðvarnar. Geymirinn er frá 1986 og skammt frá nýlegur plastgeymir (neyslugeymir) í lekavörn til áfyllingar á tæki stöðvarinnar. Árekstrarvarnir við olíugeyma eru fullnægjandi.

Rekstraraðili hefur skilað skráningarblaði vegna olíugeyma og verður því komið til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem heldur utan um skráningar á stökum olíugeymum.

3. Skoðaðar voru áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, (grein 1.5), viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (grein 2.5) og neyðaráætlun (grein 2.6). Allar hafa nýlega verið uppfærðar. Einnig voru skoðaðar áætlun um meðhöndlun úrgangs og vöktunaráætlun. Mælingar skal gera á þriggja ára fresti frá 2018 og því skal skila niðurstöðum mælinga vegna 2021. Losunarmörk vegna fosfórs í frárennsli eru 9 kg P / tonn af framleiddum fiski. Heildartala stöðvarinnar fyrir losun fosfórs reiknuð út frá fóðri er 8,7 kg P / framleitt tonn.

Farið er fram á að sýnataka fari fram í báðum útrásum stöðvarinnar og mælt sé magn svifagna og lífrænt efni, eins sé styrkur heildarfósfors og heildarköfnunarefnis mældur.

Aðferðir við skráningar voru skoðaðar og hvernig upplýsingar úr tölvukerfum, dagbókum og myndatöku eru nýttar til þess að uppfylla skráningaskyldur í starfsleyfinu.

Árlega skal skila ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Ársyfirlit og grænt bókhald bárust 30. apríl sl. en fyrir misskilning barst útstreymisbókhald ekki fyrir en 15. júní sl. sem er frávik en þar sem gögnin hafa borist þá er frávikinu hér með lokað.

Rekstraraðili er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en hefur sett sér umhverfismarkmið og tekið skref í átt til að umhverfisstjórnunarkerfi með ágætri skráningu á þjálfun starfsmanna, skráningum á framleiðslumagni, dauðfisk, fóðurgjöf ásamt orku-, olíu- og efnanotkun. ASC vottun er í farvatninu.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

4. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir fiskeldi á landi voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

5. Tilkynning barst frá rekstraraðila um skemmdir á frárennislögn í óveðri þann 16. febrúar sl. Skemmdist endi lagnarinnar og um tíma var útrás stöðvarinnar innan varnargarða á ströndinni. Fljótlega var þó gert við skemmdirnar. Lögnin var skoðuð í eftirlitinu og virtist í ágætu standi. Hvorki froða né set sást við útrásaropið. Frárennslí frá Seiðastöð og Millistöð hefur verið sameinað í eina lögn með útrás nokkru austar en stóra lögnin frá matfiskeldinu (Fleka 1 og Fleka 2). Fram kom hjá rekstraraðila að til standi að færa lögnina enn vestar og leggja sameinaða lögn frá Seiðastöð, Millistöð, Hreiðri út í fjöru og bæta frárennslí frá fiskeldi Hafró inn á lögnina.

Á síðasta ári var óvenjumiklu magni af seiðum og fiski komið til endurvinnslu hjá Skinnfiski ehf. (nú IceFish) í Sandgerði eða alls 128 tonn. Þetta voru viðbrögð við COVID, en fyrirsjáanlegt var að sala drægist saman á mörkuðum þar sem veiðingahúsum og matsölustöðum var lokað um tíma eða opnunartími stytur. Rekstraraðilar brugðust við með því að draga úr seiðaframleiðslu, seiðainnsetningum og fóðrun. Fóðurstuðull hækkaði við þetta upp í 1,37.

6. Farið var í vettvangsferð og stöðin skoðuð. Farið var að vararafstöð og olúgeymum og virtist allt þar í góðu lagi. Ekið var niður með frárennislögn og útrás frá Fleka 1 og Fleka 2 skoðuð. Hvorki sást olía né froða við útrásina. Næst var skoðað frárennslí frá Seiðastöð og Millistöð. Ekki eru gerðar athugasemdir við það.

Nokkuð magn tímurbretta er á svæðinu og lager / geymslusvæði fyrir málma hefur stækkað. Fulltrúi rekstraraðila sagði flokkun úrgangsefna í gangi og stæði til að panta úrgangsgáma frá verktaka (HP Gámar ehf.) til þess að láta keyra í burtu flokkaðan úrgang. Úrgangsmál verða tekin betur út í næsta eftirliti.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

kröfum í reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Í 2. grein segir að útstreymisbókhaldi skuli skilað fyrir 1. maí ár hvert.

Fyrir misskilning barst útstreymisbókhald vegna 2020 ekki fyrr en 15. júní sl. Frávikinu er hérmeð lokað þar sem gögnin hafa borist.

#### ÁBENDINGAR

Farið er fram á að sýnataka fari fram í báðum útrásum stöðvarinnar og mælt sé magn svifagna og lífrænt efni, eins sé styrkur heildarfósfors og heildarköfnunarefnis mældur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.08.2021



Gottskálk Friðgeirsson